

**Ed.**

**22. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 62. löggjafarþingi, 1943.)

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatta árið 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.**

**RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að nauðsynlegt sé að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt. Ástæðurnar fyrir þessu telur hann tvær. Í fyrsta lagi er það, að svo er ákveðið í 3. gr. laga nr. 42 14. apríl 1943, um dýrtíðarráðstafanir, að um álagning verðlækkunarskatts skuli gilda ákvæði laga um eignar- og tekjuskatt, en fyrrgreind lög um dýrtíðarráðstafanir öðluðust ekki gildi, fyrr en eftir að liðnir voru framlagningarfrestir samkvæmt 36. gr. skattalaganna frá 1935, og ekki eru tók á að leggja á verðlækkunarskattinn almennt, fyrr en nokkrum vikum eftir að hann er lögtekinn. Verður því að breyta skattalögum frá 1935, að því er tímaákvæðanir og fresti varðar, til þess að verðlækkunarskatturinn verði löglega álagður.

Í öðru lagi er það, að vegna óvissu um það, hvort verulegar breytingar yrðu gerðar á tekjuskatts- og eignarskattslögum á nýafstöðnu Alþingi, höfu undirskattanefndir svo seint starf sitt, að því varð víða ekki lokið í tæka tíð.

Ráðherrann hefur einnig tjáð mér, að heppilegast muní vera, að fjármálaráðuneytinu verði gefin heimild til að breyta umræddum frestum og tímaákvörðunum, svo sem var á fyrra ári.

Með því að ég tel það brýna nauðsyn, að frammannefndir skattar verði löglega álagðir, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Heimilt er ráðherra að breyta tímaákvörðunum og frestum þeim, sem um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem þörf krefur, við álagningu skatta árið 1943.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1943.

**Sveinn Björnsson**  
(sign.)

.....  
Björn Ólafsson.